



Nemendakönnun
Lokaskýrsla
Skólaárið 2013-2014

Gunnhildur Harðardóttir
Helena Katrín Hjaltadóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Heildarniðurstöður	4
Samantekt.....	20
Umbótaáætlun	24
Fylgiskjal 1.....	27

Inngangur

Eitt af því sem grunnskólum landsins ber að framkvæma er svonefnt innra mat. Þá eru hinir ýmsu þættir skólastarfsins metnir kerfisbundið, reynt er að finna hver staðan er og hvað megi bæta. Margt að því sem velta þarf fyrir sér í matsferlinu er þess eðlis að leita verður til nemenda um svör. Með því að svara könnuninni gefst nemendum einnig kostur á því að hafa áhrif á skólastarfið. Markmiðið með fyrirlögninni er að gera góðan skóla betri.

Nemendakönnun var lögð fyrir nemendur í 5.-10. bekk í Lágafellsskóla í apríl 2014. Ábyrgð á vinnu og framkvæmd báru deildarstjóri sérkennslu og mats og deildarstjóri elsta stigs. Tilgangurinn með fyrirlögn könnunarinnar er að vinna með niðurstöður innan skólans til að bæta líðan nemenda og kortleggja það starf sem á sér stað í skólanum.


Rafrænn spurningalisti var unnin í forritinu Lime Survey og voru spurningarnar byggðar á spurningum síðasta skólaárs með samanburð milli ára í huga. Foreldrar voru upplýstir um að nemendakönnun yrði lögð fyrir nemendur sem kallaðir voru í tölvustofu og bókasafn skólans til að svara könnuninni á veraldarvefnum. Nemendafjöldi í 5.-10. bekk þegar könnunin var lögð fyrir var 420 nemendur. Svarendur voru 403 eða 95,7%. Könnunin inniheldur 39 spurningar og þar af eru fjórar opnar spurningar. Tafla 1 sýnir skiptingu nemenda eftir árgöngum. Víða eru niðurstöður flokkaðar eftir stigum og á miðstig þá við nemendur í 5.-7. bekk og elsta stig við nemendur í 8.-10. bekk.

Tafla 1. Skipting nemenda sem svöruðu könnuninni eftir árgöngum

Árgangur	Fjöldi nemenda	% af árgangi	% af heildarsvörum
5. bekkur	65	90,77%	15,7%
6. bekkur	80	90,0%	19,2%
7. bekkur	60	81,67%	13,1%
8. bekkur	81	92,59%	20,0%
9. bekkur	67	88,05%	15,7%
10. bekkur	67	98,50%	17,6%

Heildarniðurstöður

Þegar nemendur voru spurðir um líðan þeirra í skólanum kom fram að rúmlega 81% nemenda líður mjög vel eða vel í skólanum. Það hlutfall er 9% undir því viðmiði sem sett var í starfsáætlun skólans og einu 1% lægra en á fyrra skólaári. Rúmlega 2% nemenda svöruðu því til að þeim liði mjög illa eða illa.



Mynd 1. Hvernig líður þér í skólanum?

Þegar nemendur voru spurðir um hversu áhugasamir þeir væru um námið kom í ljós að tæplega 70% nemenda sögðust vera mjög eða frekar áhugasamir um námið, rúmlega 6% nemenda sögðust hafa frekar lítinn eða mjög lítinn áhuga á náminu. Af þeim nemendum sem hafa mjög lítinn eða lítinn áhuga eru fleiri á elsta stigi en á miðstigi.

Tafla 2. Hversu áhugasamur/áhugasöm ertu um námið þitt?

	Heildarfjöldi	Miðstig	Elsta stig
Mjög áhugasamur	21,87%	19,89%	23,62%
Frekar áhugasamur	47,20%	48,86%	45,73%
Hvorki lítið né mikið áhugasamur	24,80%	27,84%	22,11%
Frekar lítið áhugasamur	5,33%	3,41%	7,04%
Mjög lítið áhugasamur	0,80%	0%	1,51%

Þegar spurt var hvað nemendum fyndist um námið í skólanum kom fram að fleiri nemendum á miðstigi þykir vinnan sín mjög eða frekar auðveld en nemendum á unglíngastigi. Niðurstöður eru sambærilegar milli ára.

Tafla 3. Hvað finnst þér um lærdóminn/námið í skólanum?


	Heildarfjöldi	Miðstig	Elsta stig
Mjög auðvelt	3,47%	3,98%	3,02%
Frekar auðvelt	23,20%	31,82%	15,58%
Hæfilegt	61,33%	56,25%	65,83%
Frekar erfitt	9,87%	6,82%	12,56%
Mjög erfitt	2,13%	1,14%	3,02%

Nemendur voru spurðir hvort þeir lærðu eins vel og þeir gætu í skólanum. Ef svör allra árganga eru skoðuð þá kemur í ljós að rúmlega 85% nemenda telja að þeir læri mjög oft eða oft eins vel. Tæplega 87% nemenda á miðstigi telja sig mjög oft eða oft vinna eins og vel þeir geta í skólanum en rúmlega 83% nemenda á elsta stigi.

Tafla 4. Lærir þú eins vel og þú getur í skólanum?


	Heildarfjöldi	Miðstig	Elsta stig
Mjög oft	37,87%	42,61%	33,67%
Oft	47,20%	44,32%	49,75%
Stundum	12,80%	11,93%	13,57%
Sjaldan	2,13%	1,14%	3,02%
Aldrei	0,00%	0,00%	0,00%

Þegar skoðað er hvort nemendur telji að kennarar hrósi þeim fyrir vel unnin verk í skólanum kemur í ljós að rúmlega 29% telja að þeim sé hrósað mjög oft eða oft sem er lækkun um 6% frá síðasta ári en lækkun um 16% heildarlækkun ef horft er til síðustu tveggja ára. Rúmlega 6% nemenda í 5.-10. bekk telja kennara aldrei hrósa sér fyrir vel unnin verk og er hlutfall þeirra hærra á unglíngastigi en á miðstigi.




Mynd 2. Hversu oft hrósa kennarar þér fyrir vel unnin verk (lærdóm/heimanáám) í skólanum?

Nemendur voru spurðir hversu miklu máli það skiptir þá að standa sig vel í náminu/skólanum. Rúmlega 84% telja það skipta sig mjög miklu eða miklu máli og munar 3% á milli stiga þar sem nemendur á unglíngastigi telja það skipta sig meira máli.




Mynd 3. Skiptir það miklu máli fyrir þig að standa þig vel í náminu/skólanum?

Nemendur voru spurðir hvort þeir teldu að Frammistöðumatið gæfi þeim betri upplýsingar um gengi sitt í skólanum. Tæplega 46% töldu svo vera. Ef niðurstöður er skoðaðar eftir stigum þá eru það 60% nemenda á miðstigi sem telja að matið gefi þeim betri upplýsingar um gengi en rúmlega 33% nemenda á unglíngastigi telja svo vera. Rúmlega 30% höfðu ekki myndað sér skoðun og var hlutfall þeirra einnig hærra á unglíngastigi eða tæplega 36%.



Mynd 4. Telur þú að Frammistöðumatið gefi þér betri upplýsingar um hvernig þér gengur í skólanum?

Nemendur voru spurðir hvort þeir gætu leitað til eftirfarandi aðila; stjórnenda, námsráðgjafa, hjúkrunarfræðings, umsjónarkennara, annarra kennara, skólaliða, stuðningsfulltrúa, húsvarðar, Vinaleiðar, starfsmanns á bókasafni og ritara ef þeir þyrftu á að halda. Niðurstöður gefa til kynna nemendur telja sig hafa nokkuð gott að gengi að starfsmönnum skólans.



Mynd 5. Getur þú leitað til þessara aðila þegar þú þarft á því að halda?


Tæplega 65% nemenda telja að samskipti nemenda og starfsmanna séu almennt mjög góð eða góð. Nemendur á miðstigi telja að samskipti nemenda og starfsmanna séu betri heldur en nemendur á unglíngastigi. Tæplega 68% nemenda á miðstigi telja að samskipti nemenda og starfsmanna séu almennt góð eða mjög góð og hefur sú tala lækkað um 7% á milli ára.

Tæplega 62% nemenda á unglíngastigi telja samskiptin vera góð eða mjög góð og er það hækkun um 5% frá síðasta ári.

Tafla 5 . Hvernig telur þú að samskipti nemenda og starfsmanna séu almennt í skólanum?

	Heildarfjöldi	5.- 7. bekkur	8. - 10. bekkur
Mjög góð	14,93%	16,48%	13,57%
Góð	49,60%	51,14%	48,24%
Sæmileg	30,13%	26,14%	33,67%
Slæm	5,80%	5,68%	4,02%
Mjög slæm	0,53%	0,57%	0,5%


Tæplega 41% nemenda skólans þykir námið í skólanum alltaf eða oft áhugavert. Hlutfall þeirra nemenda sem telja námið áhugavert er hærra á miðstigi eða tæplega 48% en á unglíngastigi eða tæplega 35%. Þá telja tæplega 21% nemenda á unglíngastigi að nám þeirra sé sjaldan eða aldrei áhugavert, hlutfall þeirra sem hafa þá skoðun meðal nemenda miðstigs er tæplega 18%.



Mynd 6. Finnst þér námið í skólanum áhugavert?


Nemendur voru spurðir hvernig samskiptum þeirra væri háttað við eftirtalda aðila; umsjónarkennara, faggreinakennara, list- og verkgreinakennara, íþróttakennara, skólastjóra/deildarstjóra og stuðningsfulltrúa. Rúmlega 86% nemenda telja samskipti sín við umsjónarkennara vera mjög góð eða góð og er það nokkuð sambærilegt ef stigin eru borin saman. Tæplega 82% nemenda svara því til að samskipti við faggreinakennara séu mjög góð

eða góð, tæplega 80% nemenda telja samskipti við list- og verkgreinakennara vera mjög góð eða góð, rúmlega 76% svarenda telja samskipti við skólastjóra/deildarstjóra vera mjög góð eða góð og rúmlega 78% nemenda telja samskipti við stuðningsfulltrúa vera mjög góð eða góð. Þegar niðurstöðurnar eru bornar saman á milli stiga munar 3-6%. Rúmlega 64% nemenda telja samskipti við íþróttakennara mjög góð eða góð og munar þar 23% milli stiga þar sem nemendur á miðstigi eru ánægðari með samskiptin heldur en nemendur á elsta stigi.




Mynd 7. Hvernig eru samskipti þín við eftirtalda aðila?

Nemendur voru spurðir hvernig skólinn hafi tekið á þeim málum sem upp hefðu komið hjá þeim. Niðurstöður sýna að af þeim nemendum sem höfðu lent í málum töldu rúmlega 57% að mjög vel eða vel hafi verið tekið á þeirra málum. Rúmlega 15% töldu að mjög illa eða illa hafi verið tekið á þeirra málum. Rúmlega 26% fleiri þótti mjög vel eða vel tekið á sínum málum á miðstigi en á elsta stigi, af þeim sem tóku afstöðu þóttu rúmlega 22% á unglingsstigi og rúmlega 10% á miðstigi að illa eða mjög illa hefði verið tekið á þeirra málum.



Mynd 8. Ef þú hefur lent í einhverjum málum í skólanum, hvernig hefur þá verið tekið á þeim?

Nemendur voru spurðir hversu ánægðir þeir væru með sérkennslu hefðu þeir notið þeirrar þjónustu en 80% svöruðu því til að þeir hefðu ekki verið í sérkennslu. Af þeim sem höfðu notið sérkennslu voru rúmlega 56% ánægðir eða mjög ánægðir og hefur sú tala lækkað um 12% frá síðasta skólaári. Rúmlega 26% þótti hún í lagi og er það hækkun um 8% frá síðasta skólaári. Óánægðir og mjög óánægðir voru 17%. Ekki var munur á svörum nemenda milli stiga.



Mynd 9. Ef þú ert í sérkennslu, hversu ánægð/ur ertu með hana?


Tæplega 50% nemenda verja tveimur klukkustundum eða minna til heimanáms á viku en tæplega 17% verja til þess fjórum klukkustundum eða meira á viku. Séu stigin borin saman kemur fram að yngri nemendur eyða minni tíma í heimanám en þeir sem eldri eru.

Tafla 6. Hve mörgum tímum á viku eyðir þú í heimanám?

	Heildarfjöldi	5.- 7. bekkur	8. - 10. bekkur
Minna en 1 klst á viku	21,33%	24,33%	18,59%
1-2 klst á viku	28,27%	32,39%	24,62%
2-3 klst á viku	19,20%	19,32%	19,10%
3-4 klst á viku	14,67%	9,66%	19,10%
4-5 klst á viku	9,07%	7,95%	10,05%
Meira en 5 klst á viku	7,47%	6,25%	8,54


Næst voru nemendur spurðir hversu mikla aðstoð þeir þyrftu við heimanám sitt. Fram kom að tæplega 13% þyrftu mjög mikla eða mikla aðstoð heima fyrir sem er aukning um 5% frá síðasta skólaári. Rúmlega 16% nemenda á miðstigi þurfa mjög mikla eða mikla hjálp við heimanám sitt en sú tala var 3% á síðasta skólaári. Rúmlega 9% nemenda á elsta stigi telja sig þurfa mikla eða mjög mikla aðstoð við heimanámið sem er sambærilegt frá síðasta ári.

Tæplega 8% nemenda á miðstigi telja sig ekki þurfa neina aðstoð en það hlutfall er tæplega 18% á unglingastigi.




Mynd 10. Þarftu aðstoð við heimavinnuna/heimanámið?

Nemendur voru spurðir hvort þeir vildu að bekkurinn þeirra ætti heimastofu í skólanum. Heildarniðurstöður sýna að rúmlega 84% vilja að svo sé. Séu stigin skoðuð þá kemur fram að tæplega 79% nemenda á miðstigi vilja eiga heimastofu en það hlutfall er tæplega 89% á elsta stigi.




Mynd 11. Viltu að bekkurinn þinn eigi heimastofu í skólanum?

Spurt var hvort nemendur færu sjálfir inn á Mentor. Tæplega 83% nemenda svöruðu því til að þeir gerðu það og 17% svöruðu neitandi. Af þeim sem nota Mentor eru það tæplega 65% sem nota hann daglega. Ef stigin eru borin saman kemur fram að tæplega 37% nemenda á miðstigi fara daglega inn á Mentor og tæplega 82% nemenda á elsta stigi.



Mynd 12. Hve oft notar þú Mentor?


Þegar spurt var hvort nemendur gætu skoðað einkunnir í verkefnabók Mentor svöruðu rúmlega 85% því til að svo væri og er það hækkun um 5% frá síðasta skólaári. Fleiri nemendur á unglíngastigi skoða einkunnir í verkefnabók en nemendur á miðstigi. Um 23% nemenda á miðstigi vissu ekki hvort þau gætu skoðað verkefnabækur.



Mynd 13. Getur þú skoðað einkunnir þínar í verkefnabók í Mentor?


Nemendur voru spurðir hvort þeir gætu treyst á að umsjónarkennarar skráðu heimavinnu í Mentor og kom fram að rúmlega 70% þeirra sem nota Mentor töldu svo vera mjög oft eða oft. Rúmlega 3% töldu að sjaldan eða aldrei væri hægt að treysta á það. Mismunur var nokkur á milli stiga þar sem nemendur á elsta stigi töldu sig frekar geta treyst á skráningar umsjónarkennara á heimavinnu í Mentor.

Þegar spurt var um aðra kennara en umsjónarkennara töldu rúmlega 57% svo vera mjög oft eða oft en rúmlega 5% sjaldan eða aldrei, nemendur á miðstigi töldu sig þarna síður geta treyst á Mentor.




Mynd 14. Geturðu treyst á að umsjónarkennari og aðrir kennarar skrái heimavinnu í Mentor?

Nemendur voru spurðir hvort þeim fyndist vera vinnufriður í kennslustundum og töldu rúmlega 44% vinnufriðinn vera mjög góðan eða góðan og er það lækkun um 3% milli ára. Tæplega 21% þótti hann slæmur eða mjög slæmur. Séu stigin borin saman kemur í ljós að nemendur á unglíngastigi telja vinnufriðinn betri eða tæplega 46% en nemendur á miðstigi tæplega 34%. Á báðum stigum hefur hlutfall þeirra sem þykir vinnufriður mjög góður eða góður lækkað frá síðasta skólaári. Rúmlega fjórðungur nemenda á miðstigi telja vinnufrið í kennslustundum slæman eða mjög slæman en rúmlega 16% nemenda á unglíngastigi.



Mynd 15. Hvernig vinnufriður finnst þér vera í kennslustundum?

Rúmlega 73% nemenda voru mjög ánægðir eða ánægðir með síðasta foreldraviðtal sem þeir fóru í. Niðurstöður eru sambærilegar milli stiga.




Mynd 16. Hversu ánægð/ur varstu með síðasta foreldraviðtal sem þú fórst í?

Spurt var hversu ánægðir nemendur væru með mötuneyti skólans en þar svöruðu tæplega 10% því til að þeir væru ekki skráðir í mötuneytið. Tæplega 37% voru mjög ánægðir eða ánægðir og hefur það hlutfall lækkað um tæplega 6% sé litið til síðustu tveggja ára. Rúmlega 34% töldu það í lagi en rúmlega 19% svöruðu því til að þeir væru óánægðir eða mjög óánægðir með mötuneytið og er það hækkun um 3% frá síðasta skólaári. Mesta breytingin er á elsta stiginu þar sem fleiri nemendur nú eru óánægðir eða mjög óánægðir en í fyrra.

Tafla 7. Hversu ánægð/ur ertu með mötuneytið?

	Heildarfjöldi 2012	Heildarfjöldi 2013	Heildarfjöldi 2014	5.- 7. bekkur 2014	8. - 10. bekkur 2014
Er ekki skráð/ur í mötuneytið	13,16%	11,17%	9,60%	5,68%	13,07%
Mjög ánægð/ur	17,32%	18,61%	16,27%	17,05%	15,58%
Ánægð/ur	25,44%	22,08%	20,53%	22,16%	19,10%
Í lagi	28,73%	32,01%	34,40%	40,34%	29,15%
Óánægður	8,77%	8,68%	12,80%	9,66%	15,58%
Mjög óánægður	6,58%	7,44%	6,40%	5,11%	7,54%


Þegar spurt var hversu ánægðir nemendur væru með Lágafellsskóla kom fram að 80% voru mjög ánægðir eða ánægðir með skólann. Óánægðir eða mjög óánægðir voru rúmlega 4%. Ánægðastir eru nemendur á miðstigi og munar þar 10% á milli stiga.



Mynd 17. Hversu ánægð/ur ertu með Lágafellsskóla?


Lágafellsskóli vinnur eftir kenningum Uppbyggingarstefnunnar. Nemendur voru spurðir hversu vel þeir þekkja til hlutverkavinnu henni tengdri. Tæplega 79% nemenda taldi sig þekkja mjög vel eða vel og er það hækkun um 6% milli ára.

Séu niðurstöður spurningarinnar skoðaðar eftir stigum kemur í ljós að 80% nemenda á miðstigi svöruðu því til að þekkja efni stefnunnar mjög vel eða vel en rúmlega 78% nemenda unglingastigs og hefur sú tala hækkað um 14% frá síðasta ári.



Mynd 18. Lágafellsskóli vinnur eftir kenningum Uppbyggingarstefnunnar. Hversu vel þekkir þú mitt og þitt hlutverk?


Þegar spurt er um sýnileika Uppbyggingarstefnunnar í skólastarfinu telja rúmlega 25% hana vera mjög sýnilega. Nemendum á miðstigi þykir stefnan sýnilegri en nemendum á elsta stigi. Niðurstöður eru sambærilegar milli ára.



Mynd 19. Hve sýnileg er uppbyggingarstefnan í skólastarfinu?

Næstu spurningar varða fullyrðingar sem finna má í skólanámskrá skólans.

Nemendur voru spurðir hversu sammála þeir væru eftirfarandi fullyrðingu: „Í skólanum er hlustað á mínar skoðanir“. Í ljós kom að tæplega 51% nemenda voru mjög sammála eða sammála fullyrðingunni og hefur sú tala lækkað um 5% sé litið til síðustu tveggja ára. Rúmlega 27% voru ósammála eða mjög ósammála. Á síðasta skólaári voru 13% fleiri nemendur á unglíngastigi ósammála eða mjög ósammála fullyrðingunni en á miðstigi, en í ár er munurinn tæplega 7% þar sem nemendur á unglíngastigi eru fleiri.



Mynd 23. Hversu sammála ertu þessu? „Í skólanum er hlustað á mínar skoðanir“

Nemendur voru spurðir hversu sammála þeir væru fullyrðingunni: „Í Lágafellsskóla fá hæfileikar allra að njóta sín“. Í ljós kom að rúmlega 54% nemenda voru mjög sammála eða sammála fullyrðingunni og er það sambærileg niðurstaða frá síðasta skólaári, tæplega 26% voru ósammála eða mjög ósammála og rúmlega 20% tóku ekki afstöðu. Fleiri nemendur í 5. - 7. bekk voru sammála eða mjög sammála eða rúmlega 60% en rúmlega 48% nemenda unglíngastigs. Hlutfall þeirra sem voru ósammála eða mjög ósammála fullyrðingunni hefur lækkað á milli ára um rúmlega 4% á miðstigi og um tæplega 3% á unglíngastigi.

Tafla 8. Hversu sammála ertu þessu? „Í Lágafellsskóla fá hæfileikar allra að njóta sín“.

	Heildarfjöldi	5.- 7. bekkur	8. - 10. bekkur
Mjög sammála	16,53%	22,16%	11,56%
Sammála	37,60%	38,64%	36,68%
Ósammála	17,07%	11,36%	22,11%
Mjög ósammála	8,53%	6,35%	10,55%
Veit það ekki	20,27%	21,59%	19,10%

Nemendur voru spurðir hversu sammála þeir væru eftirfarandi fullyrðingu: „Í Lágafellsskóla ríkir jákvætt, uppbyggilegt og afslappað andrúmsloft“. Í ljós kom að rúmlega 58% nemenda voru mjög sammála eða sammála fullyrðingunni og er það hlutfall sambærilegt á milli ára. Ósammála eða mjög ósammála voru 24%. Fleiri voru sammála eða mjög sammála á miðstigi eða rúmlega 66% . Rúmlega 53% voru sammála eða mjög sammála á unglíngastigi.

Tafla 9. Hversu sammála ertu þessu? Í Lágafellsskóla ríkir jákvætt, uppbyggilegt og afslappað andrúmsloft

	Heildarfjöldi	5.- 7. bekkur	8. - 10. bekkur
Mjög sammála	15,73%	18,18%	13,57%
Sammála	42,67%	46,02%	49,70%
Ósammála	20,0%	15,34%	24,12%
Mjög ósammála	4,0%	3,41%	4,52%
Veit það ekki	17,60%	17,05%	18,09%

Nemendur voru spurðir hversu sammála þeir væru eftirfarandi fullyrðingu: „Í Lágafellsskóla nota kennararnir fjölbreyttar aðferðir við kennslu“. Svörin gefa til kynna að rúmlega 70% nemenda sé mjög sammála eða sammála fullyrðingunni og er það sambærilegt niðurstöðum síðasta skólaárs. Tæplega 17% eru ósammála eða mjög ósammála. Fleiri nemendur á miðstigi voru mjög sammála eða sammála eða rúmlega 78% en tæplega 64% nemenda á unglíngastigi.

Tafla 10. Hversu sammála ertu þessu? „Í Lágafellsskóla nota kennararnir fjölbreyttar aðferðir við kennslu“. Það þýðir að í tímum hafa kennarar mismunandi vinnuaðferðir, t.d. að vinna einn eða í hópi, þemavinnu, töflukennslu, söguaðferð eða tölvuverkefni.

	Heildarfjöldi	5.- 7. bekkur	8. - 10. bekkur
Mjög sammála	24,53%	29,55%	20,10%
Sammála	46,13%	48,86%	43,72%
Ósammála	12,27%	9,09%	15,08%
Mjög ósammála	4,53%	1,70%	7,04%
Veit það ekki	12,53%	10,80%	14,07%

Nemendur voru spurðir hversu sammála þeir væru eftirfarandi fullyrðingu: „Í Lágafellsskóla er boðið upp á góða kennslu“. Í ljós kom að tæplega 81% nemenda voru mjög sammála eða sammála fullyrðingunni en tæplega 11% voru ósammála eða mjög ósammála. Fleiri nemendur á miðstigi voru mjög sammála eða sammála eða tæplega 82% en rúmlega 79% nemenda á unglingsstigi.

Tafla 11. Hversu sammála ertu þessu? „Í Lágafellsskóla er boðið upp á góða kennslu“

	Heildarfjöldi	5.- 7. bekkur	8. - 10. bekkur
Mjög sammála	22,13%	25,00%	19,60%
Sammála	58,40%	56,82%	59,80%
Ósammála	8,80%	11,36%	6,53%
Mjög ósammála	2,13%	1,70%	2,51%
Veit það ekki	8,53%	5,11%	11,56%

Samantekt

Samkvæmt sjálfsmatsáætlun skólans skal leggja viðhorfskönnun fyrir nemendur í 5.-10. bekk. Könnunin sem lögð var fyrir að þessu sinni er nokkuð sambærileg á milli ára en spurningar hafa verið endurgerðar og aðlagðar þar sem þess var talin þörf.

Könnun með sambærilegum spurningum er lögð fyrir foreldra nemenda í 1.-10.bekk. Þeir þættir sem lagðir eru til grundvallar í könnuninum koma fram í stefnu skólans sem og starfsáætlun. Í starfsáætlun skólans sem unnin var fyrir skólaárið voru sett viðmið varðandi nokkra þætti skólastarfsins. Í nemendakönnuninni var spurt um þá þætti sem þar koma fram til að hægt væri að kanna hvort viðmiðum væri náð. Samkvæmt niðurstöðum nemendakönnunar líður rúmlega 81% nemenda mjög vel eða vel í skólanum og er tæpum 9% undir viðmiði starfsáætlunar. Niðurstöður nemendakönnunar leiddu í ljós að 80% nemenda eru mjög ánægðir eða ánægðir með Lágafellsskóla en það viðmið sem sett var í starfsáætlun skólans og lítur að ánægju nemenda er 80%. Þegar spurt var um hvort nemendur teldu að kennarar notuðu fjölbreytta kennsluhætti var niðurstaðan sú að rúmlega 70% töldu svo vera og er það 10% undir viðmiðum starfsáætlunar. Rúmlega 50% nemenda telja að hlustað sé á skoðanir þeirra í skólanum en það hlutfall er langt undir viðmiði starfsáætlunar sem er 80%. Lágafellsskóli vinnur samkvæmt hugmyndafræði Uppbyggingastefnunnar og kannað var hversu vel nemendur þekkja til stefnunnar. Í ljós kom að tæplega 79% þekkja mjög vel eða vel til stefnunnar en það er 1% undir settum viðmiðum. Þegar spurt var hvort hæfileikar allra fái sín notið voru rúmlega 54% nemenda mjög sammála eða sammála og er það 26% undir viðmiðum starfsáætlunar. Þessar tölur eru sambærilegar á milli ára sé undanskilin þær er varða þekkingu á Uppbyggingarstefnunni, þar hefur hlutfallið hækkað um rúmlega 5% frá síðasta ári.

Rúmlega 86% nemenda telja samskipti sín við umsjónarkennara vera mjög góð eða góð en umsjónarkennari er sá aðili innan skólans sem stendur næst hverjum nemanda og mikilvægt að traust ríki þar á milli. Þessi tala hefur hækkað um 14% á milli ára.

Nemendur voru að auki spurðir út í samskipti sín við faggreinakennara, íþróttakennara, list- og verkgreinakennara, skólastjórnendur og stuðningsfulltrúa. Niðurstöður voru sambærilegar milli stiga í öllum tilvikum nema þegar spurt var um samskipti við

Íþróttakennara, þá var u.þ.b. 22% munur á milli miðstigs og elsta stigs þar sem nemendur miðstigs voru sáttari við samskiptin.

Nemendur voru spurðir hvernig tekið hefði verið á þeim málum sem þeir hefðu lent í s.s. einelti, deilum við samnemendur eða starfsmenn, svöruðu rúmlega 59% því til að þeir hefðu ekki lent í neinum málum. Rúmlega 15% telja að illa eða mjög illa hafi verið á málunum og er hærra hlutfall þeirra á unglingsstigi.

Þegar spurt var um hve ánægðir nemendur væru með skólann eru nemendur á miðstigi ánægðari en nemendur á unglingsstigi og munar rúmlega 10% á milli stiga. Má velta því fyrir sér hvað veldur þessum mun á milli stiga.

Rúmlega 73% nemenda eru mjög ánægð eða ánægð með foreldraviðtölin og eru niðurstöður sambærilegar á milli stiga. Hreyfing hefur orðið í svörum foreldra á miðstigi þar sem nú svara mun fleiri því til að samtölin séu í lagi en ekki í mjög góðu lagi.

Rúmlega 29% nemenda telja kennara hrósa sér mjög oft eða oft fyrir vel unnin verk. Það er lækkun um 6% frá síðasta ári en lækkun um 16% heildarlækkun ef horft er til síðustu tveggja ára.

Rúmlega 6% nemenda í 5.-10. bekk telja kennara aldrei hrósa sér fyrir vel unnin verk og er hlutfall þeirra hærra á unglingsstigi en á miðstigi. Áhugavert er að velta fyrir sér þessum niðurstöðum og því, hvort huga þurfi sérstaklega að því að nemendur upplifi að þeim sé sjaldan eða aldrei hrósað fyrir vel unnin verk.

Tæplega 41% nemenda skólans þykir námið í skólanum alltaf eða oft áhugavert. Hlutfall þeirra nemenda sem telja námið áhugavert er hærra á miðstigi tæplega 48% en á unglingsstigi er hlutfallið tæplega 35%. Þá telja tæplega 21% nemenda á unglingsstigi að nám þeirra sé sjaldan eða aldrei áhugavert, hlutfall þeirra sem hafa þá skoðun meðal nemenda miðstigs er tæplega 18%. Þessar niðurstöður eru umhugsunarverðar og vert verkefni að skoða hvernig gera megi námið áhugaverðara fyrir nemendur.

Þá vekur athygli að rúmlega 63% nemenda á unglingsstigi telja að kennarar noti fjölbreyttar aðferðir við kennslu en rúmlega 78% á miðstigi. Um 80% nemenda telja þrátt fyrir ýmsar ábendingar um það sem betur mætti fara að boðið sé upp á mjög góða eða góða kennslu í skólanum.

Þegar niðurstöður úr spurningum um Mentor eru skoðaðar þá kemur fram að tæplega 31% nemenda á miðstigi vita ekki eða svara neitandi þegar spurt er hvort þeir geti skoðað verkefnabækur í Mentor. Ljóst er að kynna þarf þennan þátt fyrir miðstignemendum.

Þá telja mun fleiri nemendur á elsta stigi að þeir geti treyst á skráningar í Mentor en nemendur á miðstigi.

Tæplega 46% nemenda töldu að Frammistöðumatið gæfi þeim betri upplýsingar um gengi sitt í skólanum. Ef niðurstöður er skoðaðar eftir stigum þá eru það 60% nemenda á miðstigi sem telja að matið gefi þeim betri upplýsingar um gengi en rúmlega 33% nemenda á unglíngastigi telja svo vera. Rúmlega 30% höfðu ekki myndað sér skoðun og var hlutfall þeirra einnig hærra á unglíngastigi eða tæplega 36%. Samkvæmt nýrri Aðalnámskrá grunnskóla skal virkja nemendur til sjálfsmats í sjálfsskoðunar sé litið til lykilhæfniviðmiða auk þess sem kennarar meti sambærilega þætti. Vert er að velta því fyrir sér hvað veldur því að nemendur á unglíngastigi skuli ekki sjá sér hag í þeim upplýsingum og sjálfsmati sem kerfið býður upp á og námskráin kveður á um. Aðkoma kennara, með hvatningu og leiðbeiningum, gæti haft áhrif á viðhorf nemenda.

Tæplega 50% nemenda verja tveimur klukkustundum eða minna til heimanáms á viku en tæplega 17% verja til þess fjórum klukkustundum eða meira á viku. Séu stigin borin saman kemur fram að yngri nemendur eyða minni tíma í heimanám en þeir sem eldri eru. Áhugavert er að skoða niðurstöðurnar eftir árgöngum þar sem innan miðstigs gætir ákveðins ósamræmis milli árganga. Mikilvægt er að huga að því að eðlilegur stígandi sé í því vinnuálagi sem nemendur takast á hendur heimavið. Ljóst er að skólinn þarf að móta sér stefnu varðandi heimanám nemenda.

Í opnum svörum varðandi heimanám kom fram að nemendum á unglíngastigi þykja verkefnaskil og próf raðast á sömu vikur og óska eftir samstarfi milli kennara varðandi þetta. Mikilvægt er að huga að álagstímum hjá nemendum og er samvinna milli kennara þar nauðsynleg.

Þegar nemendur voru spurðir hversu mikla aðstoð þeir þyrftu við heimanám sitt kom fram að tæplega 13% þyrftu mjög mikla eða mikla aðstoð heima fyrir sem er aukning um 5% frá síðasta skólaári. Rúmlega 16% nemenda á miðstigi þurfa mjög mikla eða mikla hjálp við heimanám sitt en sú tala var 3% á síðasta skólaári er og aukningin því 13% á milli ára. Ljóst

er að skoða þarf hvað veldur þeirri aukningu og að hafa þarf í huga mismunandi getu og aðstæður nemenda til takast á við heimanámið.

Þegar nemendur voru spurðir um hvernig vinnufriður væri í kennslustundum sýndu niðurstöður að rúmlega 44% nemenda þykir vinnufriður mjög góður eða góður. Ef niðurstöður eru skoðaðar eftir stigum kemur fram að tæplega 46% nemenda á unglिंगastigi telja vinnufriðinn mjög góðan eða góðan, en tæplega 34% nemenda á miðstigi, þær niðurstöður eru sambærilegar frá fyrra ári. Rúmlega 26% nemenda á miðstigi telja vinnufriðinn vera slæman eða mjög slæman og rúmlega 16% nemenda á unglिंगastigi. Mikilvægt er að skoða niðurstöður eftir árgöngum og vinna með agamál og vinnusiðferði nemenda í ljósi þessara niðurstæðna.

Nemendur voru spurðir um hvort þeir vildu að bekkurinn ætti heimastofu og töldu rúmlega 87% svo vera. Þegar stigin eru skoðuð þá eru tæplega 89% nemenda á elsta stigi því fylgjandi. Mikilvægt er að hafa raddir nemenda í huga þegar þessi mál eru skoðuð.

Fram kom að tæplega 51% nemenda telja að hlustað sé á þeirra skoðanir og hefur það hlutfall lækkað um 2% á milli ára en vert er að geta þess að á þremur árum hefur þessi tala lækkað um 14%. Velta má fyrir sér hvort bekkjarfundir með kennara, þar sem nemendur eru hvattir til að tjá sig um hin ýmsu málefni sem varða skólafarfið, séu heppilegur vettvangur til að vinna að auknu lýðræði nemenda. Í vetur hafa verið haldnir tveir lýðræðisfundir með nemendum á unglिंगastigi með það að markmiði að bæta nemendalýðræði í skólanum. Fyrri fundurinn snerist um mötuneytið þar sem nemendum gafst kostur á að koma á framfæri sínum hugmyndum hvað varðar matseðil skólans. Á síðari fundinum voru nemendur beðnir um að nefna það sem vel er gert, það sem betur má fara og nýjar hugmyndir varðandi skólafarfið. Til stendur að halda slíka fundi með nemendum miðstigs á næsta skólaári. Fróðlegt verður að sjá hvort slíkir fundir muni hafa áhrif á upplifun nemenda í framtíðinni hvað varðar lýðræði.

Þegar spurt var út í Uppbyggingarstefnuna kemur í ljós að 79% nemenda þekkja mjög vel eða vel til stefnunnar og sé litið til stiganna hafa nemendur á unglिंगastigi mun betri þekkingu á stefnunni í ár en á síðasta skólaári.

Umbótaáætlun

Ljóst er að þær upplýsingar sem fram hafa komið varðandi skoðanir foreldra á skólastarfinu í heild nýtast skólanum vel til áframhaldandi þróunarstarfs innan skólans. Við gerð umbótaáætlunar var unnið út frá niðurstöðum í árgöngum og var sérstaklega horft til heimanáms, aga vinnufriðar og Uppbyggingarstefnu, sjá fylgiskjal 1. Að gerð umbótaáætlunar koma allir starfsmenn skólans.

Nemendakönnun umbótaáætlun 2013-14

Markmið	Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Að auka þekkingu nemenda á Uppbyggingastefnunni	Uppbyggingateymi útbúi fræðslupakka sem kennarar geta nýtt sér í kennslu. Gera stefnuna sýnilegri á göngum, matsal og í öllu daglegu starfi.	Uppbyggingateymi stýri vinnu með öllu starfsfólki	September 2014	Kynning Uppbyggingateymis á fundi. Átak á haustdögum.	Nemendur þekkja stefnuna, kemur fram í nemendakönnun. Bættur skólabragur.
Setja stefnu í heimanámi	Stefnumótun í heimanámi sem kennarar skulu fara eftir þar sem foreldrum er gerð grein fyrir ábyrgð. Tveir kennarar af hverju stigi móti drög að stefnu sem lögð er fyrir á kennarafundi. Einstaklingsmiðað heimanám út frá getu hvers og eins, samfella milli árganga og samræming milli stiga. Heimanám skal vera upprifjun eða þjálfun. Þjóða upp á opna heimavinnutíma fyrir nemendur.	Kennarar, stjórnendur, foreldrar	Skólaárið 2014-2015	Deildarfundi, kennarafundi. Samvinnu stjórnenda, kennara og foreldra	Meiri sátt um heimanám og betri líðan nemenda. Kemur fram í nemenda - og foreldrakönnun og í nemendaviðtölum

Bæta aga með bættum skólabrag	Uppbyggingaver - nemendur sem eiga í vanda með hegðun sína fá uppbyggilega aðstoð. Foreldrar séu kallaðir til í meira mæli til að fylgja börnum sínum eftir í skólanum og fái ráðgjöf fagaðila. Námskeið fyrir starfsfólk.	Uppbyggingateymi, kennarar, stjórnendur.	Skólaárið 2014-2015	Skipulag, vilja og samvinnu starfsmanna. Fagaðilar. Námskeið fyrir starfsfólk.	Nemenda - og foreldrakönnun, færri agavandamál, betri umgengni
Að bæta vinnufrið	Kennarar þurfa að leggja skýrar línur að haust með nemendum varðandi vinnufrið. Fylgja eftir með nokkrum fundum yfir veturinn. Kennarar komi sér saman um leiðir og útfærslur til að stuðla að betri vinnufriði. Gera nemendur grein fyrir ábyrgð á eigin námi og hegðun sbr. 14.gr. grunnskólalaga. Öflugri Mentorskráningar.	Kennarar/stjórnendur.	Áhersla að hausti, tekið upp reglulega.	Deildarfundi þar sem kennarar leggja línurnar og samræma sig. Bekkjarmundi, Mitt og þitt hlutverk, kynning fyrir foreldra	Nemenda - og foreldrakönnun

Fylgiskjal 1

Hve mörgum tímum á viku eyðir þú í heimanám?

Nemendur	< 1 klst	1-2 klst	2-3 klst	3-4 klst	>4
1. bekkur					
2. bekkur					
3. bekkur					
4. bekkur					
5. bekkur	32,76%	29,31%	24,14%	8,62%	5,17%
6. bekkur	5,80%	28,99%	24,64%	14,49%	26,08%
7. bekkur	40,82%	40,82%	6,12%	4,08%	8,16%
8. bekkur	22,37%	26,32%	15,79%	15,79%	19,74%
9. bekkur	15,52%	25,86%	25,86%	18,97%	13,79%
10. bekkur	16,92%	21,54%	16,92%	23,08%	21,54%

Hversu miklum tíma ver barnið þitt að meðaltali í heimanám á viku?

Foreldrar	< 1 klst	1-2 klst	2-3 klst	3-4 klst	>4 klst
1. bekkur	25,71%	42,86%	17,14%	5,71%	8,57%
2. bekkur	7,89%	42,11%	28,95%	15,79%	5,26%
3. bekkur	3,70%	29,63%	51,85%	14,81%	0%
4. bekkur	0%	30,56%	50,0%	16,67%	2,78%
5. bekkur	6,06%	36,36%	36,36%	18,18%	3,03%
6. bekkur	3,57%	21,43%	32,14%	17,86%	25,0%
7. bekkur	36,0%	32,0%	20,0%	8,0%	4,0%
8. bekkur	7,50%	20,0%	20,0%	37,50%	15,0%
9. bekkur	11,76%	41,18%	11,76%	35,29%	0,0%
10. bekkur	3,23%	29,03%	19,35%	9,68%	38,71%

Hvernig vinnufriður finnst þér vera í kennslustunum?

Heildarniðurstöður	Nemendur Mjög góður/góður	Nemendur Slæmur/mjög slæmur
5. bekkur	27,59%	38,65%
6. bekkur	53,63%	8,70%
7. bekkur	45,90%	34,50%
8. bekkur	39,47%	23,68%
9. bekkur	39,65%	10,35%
10. bekkur	58,46%	12,31%

Hvernig telur þú að aginn sé í skólanum?

Foreldrar	Ég er sátt/ur við agamál	Of mikill	Mikill	Lítill	Of lítill
1. bekkur	52,94%	0%	5,88%	35,29%	5,88%
2. bekkur	67,85%	0%	3,57%	25,0%	3,57%
3. bekkur	50,0%	0%	0%	33,33%	16,33%
4. bekkur	44,0%	0%	0%	28,0%	28,6%
5. bekkur	37,5%	4,16%	8,33%	25,0%	25,0%
6. bekkur	50,0%	10,0%	10,0%	20,0%	10,0%
7. bekkur	59,09%	0,0%	13,63%	13,63%	13,63%
8. bekkur	74,07%	3,70%	3,70%	14,81%	3,70%
9. bekkur	50,0%	0%	0%	50%	0%
10. bekkur	70,33%	0%	4,16%	16,66%	8,85%

Þarftu aðstoð við heimanámið?

Heildarniðurstöður Nemendur	Já, mjög mikla	Já, mikla	Hæfilega	Já, litla	Já, mjög litla	Ég þarf eng aðstoð
5. bekkur	8,62%	20,69%	25,86%	29,31%	10,34%	5,17%
6. bekkur	1,45%	14,49%	31,88%	27,54%	18,84%	5,80%
7. bekkur	0,0%	2,04%	40,82%	24,49%	18,37%	14,29%
8. bekkur	0,0%	5,26%	25,0%	18,42%	34,21%	17,11%
9. bekkur	1,72%	5,17%	27,59%	24,14%	24,14%	17,24%
10. bekkur	4,62%	10,77%	20,0%	24,62%	21,54%	18,46%

Þarf barnið þitt mikla aðstoð við heimanámið?

Heildarniðurstöður Foreldrar	Já, mjög mikla	Já, mikla	Hæfilega	Já, litla	Já, mjög litla	Barnið þarf enga aðstoð
1. bekkur	25,71%	17,14%	45,71%	0,0%	8,57%	2,86%
2. bekkur	15,79%	13,16%	42,11%	13,16%	15,79%	0,0%
3. bekkur	22,22%	14,81%	33,33%	14,81%	14,81%	0,0%
4. bekkur	13,89%	44,44%	27,78%	8,33%	5,56%	0,0%
5. bekkur	15,15%	18,18%	33,33%	9,09%	12,12%	0,0%
6. bekkur	10,71%	10,71%	57,14%	0,0%	17,86%	3,57%
7. bekkur	4,0%	12,0%	48,0%	8,0%	12,0%	16,0%
8. bekkur	5,0%	7,5%	42,5%	15,0%	25,0%	5,0%
9. bekkur	0,0%	11,76%	11,76%	35,29%	11,76%	29,41%
10. bekkur	0,0%	6,45%	16,13%	35,48%	32,26%	9,68%

Lágafellsskóli vinnur eftir kenningum Uppbyggingarstefnunnar. Hversu vel þekkir þú mitt og þitt hlutverk?

Nemendur	Mjög vel	Vel	Sæmilega	Lítið	Mjög lítið
5. bekkur	32,76%	37,93%	20,69%	6,90%	1,72%
6. bekkur	46,38%	37,68%	13,04%	1,45%	1,45%
7. bekkur	32,65%	51,02%	12,24%	2,04%	2,04%
8. bekkur	36,84%	42,11%	15,79%	3,95%	1,32%
9. bekkur	55,17%	15,52%	20,69%	5,17%	3,45%
10. bekkur	44,62%	38,46%	7,69%	4,62%	4,62%